

| tíska | tíðarandinn | heilsa | menningarnótt | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

í startholunum

MATUR

» Priggja ára afmæli

RUSLROKKARAR

» Stíliseraðir og töff

HVÍTIR

sumarlegir kjólar

BJARNI ÁRMANNSSON

» Hleypur til góðs «

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
18. ágúst - 24. ágúst




Full búð af nýjum og glæsilegum



egum haustvörum

NEXT

KRINGLUNNI



Dell Inspiron 640m

TVÖ OG HÁLFT KÍLÓ AF SNILLD!

Vó vitum ekki hvernig við e gumað lýsa Inspiron tölvunum án þess að vörðast vera að montu okkur, en þær eru æðis egar.

Dell Inspiron 640m klikkar hvernig, hún er með tvíkjarna orgjörva, Intel Core Duo, 14.1 tommu skja, yklaborði fullri stærð og öllu þvflmilum sem hægt er að óska sér. Húrnetska að vera þröðlaus og reihlaðan endlat í yfir átta tíma.



VERÐ Á MÁNUET
FRÁ ICEL.

5.193*

*Mín. skilubætur 100 kr. í 24 mánu. Fél. vaxi á 110.000 kr.

Skoðaðu úrvallð á www.ejs.is

DELL

Það er til lausn á öllu

Grensárvogl 1C, Reykjavík / 503 3000 // Tryggvabraut 10, Austeyri / 463 3000

EJS 
www.ejs.is



16



26



14



42

Þetta helst

- 7 Einu sinni á ágústkvöldi ...
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi: Menningarnótt
- 10 Brennsla Ágústs Bogasonar
- 12 Allir geta gert það
- 14 Dansað á borðum fram á rauða nótt: Dixiebandið Öndin

Greinar og viðtöl

- 16 Bjarni Ármannsson: Hleypur til góðs
- 20 Hinir stíliseruðu ruslrokkarar

Hann/hún

- 26 Þriggja ára afmæli
- 32 Stíll stjarnanna: Hvítir og sumarlegir kjólar
- 34 Brynhildur Björnsdóttir elur upp
- 34 Nammi namm ...
- 36 Mars og Venus fara út að borða
- 36 Uppruni hlutanna: Derhúfan
- 40 Tryggvi segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspa
- 42 Í röð og reglu: Steinunn Arnardóttir plötusnúður
- 44 HIV smitast ekki með skordýrabiti
- 46 Hættuleg lykklaborð

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

Verður þú tilbúinn eftir sumarið?

"Ekki eingöngu les ég hraðar.

Ég les með ...margfalt meiri skilning."

Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."

Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

"...Núna er mér fyrst að takast að sjá fram á að klára lesefni vikunnar sem ég taldi áður ómögulegt."

Elva Dögg, 20 ára Hjúkrunarnemi.

"...Þetta námskeið var vonum framar og ætti að vera skylda fyrir alla! Námskeiðið eykur lestrarhæfni á öllum sviðum..."

Haraldur Haraldsson, 18 ára nemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Náðu árangri hjá okku Hraðlestrarskólinn

Næsta 6 vikna námskeið 12. Sept

Næsta 3 vikna hraðnámskeið

Akureyri 31. ágúst. Suðurnes 12. okt.

Allar upplýsingar á www.h.is



HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Einu sinni á ágústkvöldi...

Ágúst er seinasti mánuður sumarsins, svo við köllum nú skóflu skóflu. Ágúst er þess vegna einhvers konar tíma-mótamánuður, sérstaklega fyrir okkur hér á ísa-köldu-landi. Tími sumarfríanna er brátt á enda og skólaárið hefst um land allt. Þrátt fyrir þessi endalok sumarsins er ágúst fallegur og góður mánuður. Í ágúst fara hitatölurnar oft yfir meðallag og veður er yfirleitt milt og þægilegt. Ágúst

er því tilvalinn mánuður til útvistar og ekki má heldur gleyma því að ágúst er einn fallegasti sólarlagsmánuður ársins. Á þessum tíma árs er sólin byrjuð að setjast áður en flestir eru farnir að sofa og því er hér kominn tilvalinn tími til þess að fylgjast með sólinni leggjast í dvala við sjóndeildarhringinn. Nýtum því ágúst til hins ítrasta enda má margt gera í þessum fagra og bjarta mánuði.

Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON Mynd: VALLI

MENNINGARNÓTT 14. ÁGÚST

Reykjavíkurborg opnar dyr sínar upp á gátt á þessari mannmörgu og seiðandi nótt og dregur til sín mörg þúsund manns víða að. Á boðstólnum er góður kokkteill af spennandi og skemmtilegu menningarefni sem höfðar til allra og að vanda hefst dagurinn á Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. Að því loknu hefst spennandi dagskrá úti um alla borg, og víða gefst gestum og gangandi tækifæri til að taka þátt í ýmsum uppákomum, eins og hlaupi skrifstofumannsins (Hellusundi 3) og lista-happdrætti Gallerí Foldar (Rauðarárstíg 14). Auk þess er heilmargt að gera fyrir börnin og hver veit nema neistinn kvikni þar hjá listamönnum framtíðarinnar. Upplýsingar um dagskrá menningarnætur er að finna inni á www.rvk.is.

SKJÓTT SKIPAST VEÐUR Í LOFTI og því er gott að hafa netta regnhlíf við höndina þegar rölt er um borgina. Þessi regnhlíf fæst í Marimekko búðinni á Laugavegi.



Á TVEIMUR JAFNFLJÓTUM Reykjavíkurborg er ekki staður fyrir bíla á menningarnótt enda mörgum götum lokað vegna maraþonsins. Í stað þess að ergja sig á þessu er best að taka þátt í hlaupinu eða standa við götuna og hvetja keppendur áfram.

FJÖLMARGIR LISTAMENN

opna vinnustofur sínar á menningarnótt, og eru Pétur Gautur og Haukur Dór þar á meðal. Auk þess mun Samband íslenskra myndlistarmanna leyfa gestum að ganga um vinnustofur listamanna að Seljavegi 32, en um 60 listamenn eru með vinnustofur sínar í húsinu. Jafnframt sýna þrjár Huldur, sem allar eru móvinnustofu í húsinu, verk í sýningarsal hússins, þær Hulda Hákon, Hulda Stefánsdóttir og Hulda Vilhjálmisdóttir.



| heitt & kalt |

Heitt



LISTSKÖPUN Skelltu þér í dansskó eða taktu þér penna, pensil eða hljóðfæri í hönd því listagýðjan kallar. Flestallir búa yfir skapandi hæfileikum, þótt stundum sé erfitt að greina þá.

Volgt



LISTUNUN Hafirðu áttað þig á því að fullyrðingin hér að ofan eigi ekki við rök að styðjast og þú sért með öllu hæfileikalaus, geturðu í það minnsta notið menningarlífsins.

Hvorki heitt né kalt



VESTI, EINKUM PRJÓNAVESTI eru mismikið í tísku en virðast aldrei detta alveg út. Viðbúið er að vestir verði áberandi næstu daga þar sem þau eru einkennisbúningur menningarvita.

Við stofuhita



FLÖSKUBOTNA-GLERAUGU Þótt það sé menningarlegt að klæðast prjónavestum, er ekki þar með sagt að þú eigir að ganga yfir strikið og verða einhver nörd með því að setja upp þyk gleraugu.

Ískalt



DRYKKJULÆTI Á ALMANNAFÆRI Áfengi í hófi getur virkað eins og fínasti skáldskaparmjóður, en getur haft eyðileggjandi áhrif sé farið yfir strikið.

STÓRAR ÚLPUR verða í tísku í vetur, en það ætti að koma sér vel í íslensku veðurfari. Þessi er frá Prada.

OFT ER MIKIÐ ÁLAG á síma-kerfinu á menningarnótt þar sem allir eru að reyna að ná sambandi við alla. Munum að hlaða símann áður en við höldum út í nóttina.



Sumarkaffi - misstu ekki af því



Sumarkaffi er samansett af sérvöldum úrvals tegundum. Það hefur frísklegt sítrusbragð ásamt yndislega ljúfum keim af hnetum og sætum ávöxtum. Kaffið er í góðu jafnvægi, hefur mikla fyllingu og hunangsmjúkt eftirbragð.

Verslanir:
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurverí
Akureyri
Eigilstöðum



TE & KAFFI



brennslan mín ...

Ágúst Bogason útvarpsmaður og gítarleikari

Íslensk lög lífsleiðarinnar

Ágúst Bogason var ekki í vandræðum með að skella saman forvitnilegri brennslu fyrir Birtu. Ágúst hefur undanfarið unnið sem útvarpsmaður á Rás 2 en þar er hann einn af umsjónarmönnum Popplands. Ágúst hefur einnig getið sér gott orð sem gítarleikari rokk sveitarinnar Jan Mayen. Fyrir brennsluna ákvað Ágúst að hafa mjög ákveðið og skemmtilegt þema. „Ég ákvað að hafa þetta bara íslensk lög sem ég hlustaði á einhvern tíma á lífsleiðinni og eru mér enn kær. Þannig eru tvö úr bernsku, tvö frá unglingsárunum, tvö frá menntaskólaárunum, tvö frá háskólaárunum og tvö eru alveg fersk.“

- | | |
|---------------|--|
| LAG 1 | Olga Guðrún – Ég heyr svo vel / Það vantar spítur. Gat ekki gert upp á milli en Eninga meninga er í það minnsta alveg frábær plata. Eðal popptónlist fyrir börn á öllum aldri. |
| LAG 2 | Spilverk Þjóðanna – Skýin. Lagið var blastað á mínu heimili þegar ég var barn. Það stendur enn fyrir sínu og er á þessum lista sem fulltrúi einnar bestu plötu Íslandssögunnar, Sturlu með Spilverkinu. |
| LAG 3 | Þeyr – Rúdolf. Unglingsárin fóru mikið í að uppgötva gamalt stöff. Rokk í Reykjavík var að sjálfsgöðu hluti af því og Rúdolf er bara einfaldlega eitt besta lag sem samið hefur verið. |
| LAG 4 | Jónas og Einar – Gypsy Queen. Þetta lag er líka hérna út af fornleifauppgreftri unglingsáranna. Einhver hippaandi sveif þá yfir og mér fannst þetta lag alltaf jafn magnað. Finasta Jethro Tull ripp of. |
| LAG 5 | Mínus – Pulse. Þetta lag er af annarri plötu Mínus, Jesus Christ Bobby, og er fyrir mér eins konar brú milli þeirrar plötu og Halldórs Laxness. Báðar plöturnar eru frábærar og þetta lag sömuleiðis. |
| LAG 6 | Sigur Rós – Leit að lífi. Á menntaskólaárunum var ég mest að hlusta á rokk en svo kom einhver indie bylgja sem víkkaði sjóndeildarhringinn. Sigur Rós átti auðvitað sinn þátt í því en ástæðan fyrir því að ég vel þetta lag er einfaldlega sú að þetta var það fyrsta með Sigur Rós sem greip mig. |
| LAG 7 | Magnús Eiríksson – Vals no. 1. Eftir menntaskóla hélt maður áfram að grúska í gömlu efni og fór að hlusta á alls konar stöff. Þetta lag skipar líka sérstakan sess hjá Jan Mayen, margir halda að þetta sé Derrick-lagið en raunin er að það var notað í einhverjum tungumálakennsluþáttum. |
| LAG 8 | Björk – Hyperballad. Ég var of mikill rokkari á yngri árum og meðtrók Björk ekki fyrr en eftir aldamót. Þar er af mörgu að taka en þetta lag í útgáfu Brodsky Quartet af Telegram plötunni er eitt það flottasta sem gert hefur verið. |
| LAG 9 | Reykjavík! – Beautiful Boys. Alveg hreint magnað lag með mjög svo skemmtilegri hljómsveit. Það jafnast samt ekkert á við að sjá piltana spila þetta „læf“. |
| LAG 10 | Æla – Love The Honey. Ágætur maður spurði mig nýverið hvaða rétt nýpönk ætti á sér í dag? Ég segi að það eigi fullan rétt á sér og rúmlega það. Þetta er geðveikt lag af geðveikri plötu, Sýnið tillitsemi - ég er frávik. |

» birta mælir með ...

... **BÓKINNÍ VERONIKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA EFTIR PAULO COELHO** Í bókinni er fjallað um geðveikina í okkur öllum, hversu mikilvægt það er að fylgja draumum sínum og vera óhrædd við að vera ódruvísi. Bókin er nýlega komin út í kiljuformi og hana er meira að segja hægt að fá á flestum bensínstöðvum. Gimsteinarnir leynast víða.



... **FRUMBURÐI HLJÓMSVEITARINNAR THE PIPETTES** Breska



stúlknafríðið The Pipettes sendi nýlega frá sér sína fyrstu plötu sem hefur að geyma unaðslega skemmtileg lög í anda stúlknafríðsveita frá sjöunda áratugnum. Afturhvarfsstemningin er algjör á plötunni og ætti hún að heilla alla þá sem líkar vel við hressandi stelpupopp.

... **INDIAN MANGO** Það allra heitasta í miðbænum núna er suður-indverski veitingastaðurinn Indian Mango. Matseðillinn samanstendur af fjölmörgum réttum sem eru mismunandi dag frá degi. Hvort sem setið er í notalegu og skemmtilegu veitingahúsinu sjálfu eða maturinn tekinn með heim, er hann örugg ávísun á veislu fyrir braggðlaukana. Ekki skemmir fyrir að verðið er hóflegt og þjónustan til fyrirmyndar.



iBuxur?

NÝTT

Hér er hún komin - flíkin sem allir unglingar með snefil af sjálfsvirðingu verða að eignast. Uppskriftin er einföld, þú tekur tvo heitustu tiskuhluti líðandi stundar og splæsir þeim saman í einn. Útkoman getur ekki klikkað, foreldrar um allan heim munu þurfa að leggjast í fjárútlát fyrir sjálfsímyndarmeðvitað ungvíðið. Við erum að sjálfsgöðu að tala um RedWire DLX gallabuxurnar frá Levi's, sem eru með innbyggðum stjórtækjum fyrir iPod.

Í buxunum er tengikví fyrir iPod spilara og er þess sérstaklega gætt að spilarinn sé öruggur í vasanum án þess að hans verði vart utan frá. Stjórtæki við buxnastrænginn auðveldar svo notandanum að stjórna græjunni og heymartól sem rúllast sjálfkrafa upp í sérstakt hólf gera buxurnar svo algjörlega ómissandi fylgihlut fyrir iPodinn. Eða var það öfugt?



Buxurnar má þvo í þvottavél (ekki samt með spilaranum) og koma þær í búðir seinna á þessu ári.





Ferðastu um
landið
með **ESSO**
í sumar!

Athugið!

Senn líður að lokum Vegabréfaleiks ESSO. Því minnum við alla á að skila inn fullstimpluðum vegabréfum fyrir 25. ágúst nk.

Dregið verður úr öllum innsendum vegabréfum og er aðalvinningurinn glæsileg fjölskylduferð fyrir fjóra til Kanarí með ferðaskrifstofunni Apollo ásamt 50.000 kr. í gjaldeyri frá , auk fjölda annarra vinninga.

Mundu að skila inn fullstimpluðu vegabréfi!



Viðtal: TRYGGVI GUNNARSSON
Myndir: HÖRÐUR

» ALLIR GETA GERT ÞAÐ!

Sérsveit Hins hússins vill meina að allir geti gert það. Þess vegna hefur hún umsjón með verkefningu „Breaking the boundaries“ þar sem þátttakendur eru blind eða sjónskert ungmenni frá Eistlandi, Finnlandi, Slóvakíu og Tékklandi. Birta settist niður með þeim Hannele Jutinen frá Finnlandi og Michal Tkácik frá Slóvakíu sem bæði létu drauma sína rætast hérlandis.

HVERNIG KOMIÐ PIÐ AÐ BREAKING THE BOUNDARIES?

„Við erum sjálfboðaliðar á vegum European Volunteer Service, EVS, og við höfum verið að vinna í þrjár vikur að verkefni sem kallast „Allir geta gert það“. Við vorum átta og í tvær vikur unnum við að undirbúningi og skipulagningu ráðstefnunnar „Breaking the boundaries for blind people“, eða „Múrar blindunnar brotnir“, en þriðju vikuna fórum við og kynntum okkur ýmsa hluti og létum drauma okkar rætast,“ segir Hannele.

UM HVAÐ SNÝST VERKEFNIÐ?

„Það snýst um að koma ungu fólki saman og hjálpa blindum að lifa eðlilegu lífi og geta gert allt það sem þá langar að gera. Við lögðum áherslu á fjögur meginviðfangsefni, áhugamál og frístundir, sambönd, hjálpartæki og ýmsar lausnir sem auðvelda blindum í daglegu lífi, og starf og nám,“ segir Hannele.

„Ég ef má bæta við um hjálpartækin þá er ekki aðeins átt við töl sem bæta lífið, eins og hátalarakerfi fyrir blinda í tölvunni, heldur einnig leiðir sem auka ferðafrelsi okkar svo eitthvað sé nefnt.“

HVERNIG GEKK AÐ VINNA SAMAN?

„Það gekk mjög vel, bæði innan verkefnisins og utan. Við unnum nefnilega ekki bara saman

heldur bjuggum við öll saman í íbúð. Þar gerðum við allt saman og án hjálpar. Við elduðum og þrífum og auðvitað skemmtum við okkur heilmikið þess á milli,“ segir Michal.

HVAÐA DRAUMAR VORU ÞAÐ SEM PIÐ LÉTUÐ RÆTAST?

„Ég fór á Vestfirðina og fékk að vera sjómaður, en það er eitthvað sem mig hefur dreymt um að prófa lengi. Ég man reyndar ekki hvað bæringin hét en ég man að þar voru bara 300 íbúar. Ég og félagi minn fórum einnig í frystihúsið og töluðum við verkafólkið þar, svo beittum við fyrir fisk og fórum á sjóinn. Það var æðisleg upplifun,“ segir Michal.

„Ég hafði ekki skýra mynd af því hvaða draum ég vildi uppfylla. Ég hef alltaf verið mikið í íþróttum og ég vildi ögra sjálfri mér líkamlega. Ég vildi líka gera eitthvað sem alla langar að gera en mundi um leið ögra mér og fötlun minni og þá varð það úr að ég fór á hestbak. Ég byrjaði á því að venjast hestunum, lærði svo að setja á þá og að lokum settist ég á bak og fór í tvo útreiðatúra. Það var frábært, og sérstaklega að upplifa náttúruna,“ segir Hannele.

HVAÐ VAR ÞAÐ SEM YKKUR LÍKAÐI BEST HÉRLENDIS?

„Mér fannst æðislegt að fara á Gullfoss og

Geysi, finna úðann, heyra drunurnar, finna lyktina og finna fyrir heitu vatni úr goshver,“ segir Hannele.

„Fossarnir eru í mínu uppáhaldi og ég vil alltaf fara sem næst þeim. Að finna úðann og hlusta á fossinn er frábært og þótt ég standi á brúninni og sé alveg að detta út í langar mig alltaf nær. Ég á eftir að fara að Seljalandsfossi sem mér skilst að hægt sé að ganga bak við og ég hlakka mjög til þess,“ segir Michal.


HAFIÐ PIÐ UPPLIFAÐ MIKINN MUN Á VIÐHORFI GAGNVART BLINDUM Á ÍSLANDI OG Í HEIMALÖNDUM YKKAR?

„Hérna eru allir rosalega hjálplegir og vilja allt fyrir okkur gera. Jafnvel þótt fólkið gæti ekki hjálpað okkur, þekkti til dæmis ekki staðinn sem við ætluðum á, þá reyndi það samt eins og það gat að leiðbeina okkur. Ég veit ekki, kannski er fólk ekki vant því hér að sjá blint fólk með hvítan staf á göngu í miðbænum og er því forvitnið og vill endilega aðstoða,“ segir Michal.

„Við vöktum alltaf mikla athygli þegar við gengum átta saman niður Austurstræti að Hinu húsinu með hvíta stafi í allar áttir. Ég held að það sé eitthvað sem sést mjög sjaldan hérna,“ segir Hannele.



- Sjóntækjafraeðingur með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga
- 2ja mánaða aðlögun á margskiptum glerjum
- Mikið úrval snertilinsa
- Fagleg og góð þjónusta
- Hagstætt verð
- Vaxtalaus kjör í allt að 24 mánuði engin útborgun

 **Gleraugað**

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

gleraugad@simnet.is
www.gleraugad.is

Dixiebandið Öndin telur fimm til níu meðlimi eftir því hversu stór gígginn eru. Fjórir þeirra skemmta hér hinum öndunum við Reykjavíkurtjörn.



» Einn af föstu viðburðum menningarnætur er þegar Dixiebandið Öndin stígur á stokk á Kaffi Vín við Laugavegin. Fyrir vegfarendur sem ganga framhjá er erfitt að staldra ekki við og njóta ósvikinnar New Orleans-stemningar í þessu huggulega umhverfi.

Dansað á borðum fram á *rauða nótt*

„Dixieland tónlistin er upprunin í New Orleans og er mikil gleðitónlist. Þó hún geti bæði verið hæg og hröð er hún yfirleitt í hraðari kantínunum. Sígilt dixieland-lag byrjar frekar hægt en eftir nokkra takta breytist það og er spilað mjög hratt. Og það er ekkert aðalatriði að nóturnar séu réttar,“ segir Jón Ingvar Bragason básúnuleikari.

Hljómsveitin varð til fyrir 15 árum á sameiginlegum degi Verslunarskólans og MR. Nafnið kom til vegna þess að meðlimir stóðu á öndinni þegar spilað var, enda mestmegnis um blásturshljóðfæri að ræða. „Venjulega erum við fimm til sex í bandinu,“ segir Jón Ingvar. „Auk básúnunnar eru tveir trompetleikarar, túbuleikari, einn sem er með saxófón

og klarinett og svo trommari. Á stærri viðburðum, eins og menningarnótt, fáum við til liðs við okkur banjóleikara, píanóleikara og söngkonu.“ Það er Áslaug H. Hálfánardóttir sem syngur með Öndinni á menningarnótt eins og áður.

Flestir kannast við einhver af þeim lögum sem hljómsveitin spilar, eins og When the Saints, Sveitaball og Stuðmannalagið Manstu ekki eftir mér, sem Öndin spilar í dixieland-útfærslu. „Árið 1999 vorum við að spá í hvað við ættum að gera á menningarnótt. Einn í hljómsveitinni var fastagestur á Kaffi Vín og við töluðum við eigendurna sem tóku svona vel í hugmyndina og þetta hefur verið árviss viðburður síðan,“ segir Jón Ingvar. „Venjulega

er alveg troðið hjá okkur. Húsið tekur 50 í sæti og það er stappað. Úti, þar sem við spilum, eru 20-30 í viðbót og svo er hellingur sem verður að láta sér nægja að standa.

Við byrjum klukkan 21.30 og spilum eins lengi og síðasti maður stendur. Ef stemningin er rétt getur verið að við spilum gangandi niður Laugavegin um nóttina eins og við höfum gert en í öllu falli lofum við rífandi stemningu eins og venjulega, dansað uppi á borðum langt fram á rauða nótt,“ segir Jón Ingvar að lokum.

Hægt er að hlusta á Dixiebandið Öndina á heimasíðu sveitarinnar, www.myspace.com/dixieduck

Útsala á völdum vörum



Minisota reysrófi verð áður kr. 75.500 **nú kr. 56.900**
Minisota reyrstóll verð áður kr. 38.500 **nú kr. 28.900**

sófaborð verð áður kr. 18.900 **nú kr. 11.340**
hornborð verð áður kr. 13.900 **nú kr. 8.340**



Aucland sófasett 3+2, Litir: Hvítt - Brúnt
verð áður kr. 146.900 **nú kr. 99.900**



Aucland bogasófi. Litir: Hvítt - Brúnt verð áður kr. 192.100 **nú kr. 129.900**

**15-50%
afsláttur**



Reverence dýna Full XL (135x203) verð áður kr. 69.800 **nú kr. 59.900**
Innifalið í verði dýnur með undirstöðum.



Croco reyrstóll verð áður kr. 24.900 **nú kr. 17.400**

LÍNAN
H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

HLEYPUR TIL GÓÐS

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, hefur lengi verið áberandi í íslensku viðskiptalífi. Síðustu árin hefur Bjarni haslað sér völl á nýjum vettvangi í langhlaupum. Í Reykjavíkumaraþoninu í fyrra hljóp hann sitt fyrsta maraþon og á morgun mun hann endurtaka leikinn og hlaupa um leið til styrktar góðu málefni.

Bjarni Ármannsson er fæddur og uppalinn á Akranesi og flutti ekki til Reykjavíkur fyrr en árið 1987 þegar hann hóf nám í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Tölvunarfræðina valdi hann vegna þess að hann hafði þá hugmynd í maganum að verða kennari, þar áður hafði hann hugmyndir uppi um að verða bóndi. „Já, það stóð nú alltaf upprunalega til að fara í bændastéttina og svo að verða kennari, en örlögin höguðu því einhvern veginn þannig að ég endaði í þessum fjármálageira,“ segir hann aðspurður úr hvaða grasi hann sé sprottinn. Það er augljóst að Bjarni er afslappaður og vinalegur maður sem tekur sjálfan sig og sigra sína í viðskiptalífinu ekki of hátíðlega.

FJÖLSKYLDUMAÐURINN BJARNI

Bjarni á stóra fjölskyldu en hann viðurkennir að vegna eðli starfsins þá lendi uppeldi barnanna meira á eigin konu hans. „Ég er fjögurra barna faðir, elsta barnið okkar er tólf ára og það yngsta er tveggja ára. Síðan eigum við átta ára gamla tvíbura. Ég reyni auðvitað að sinna fjölskyldunni og uppeldi barnanna eins mikið og ég get. Það er mikið mál að ala upp börn, því það krefst bæði tíma og natni.“ Aðspurður um hvort hann hyggi á frekari barn eignir, svarar hann því hlæjandi að það sé best að vera ekki með neinar yfirlýsingar um það í fjölmiðlum.

Spjall okkar berst nú að áhugamálum hans utan starfsins, hvað gerir Bjarni þegar hann vill kúpla sig alveg út úr fjármálaheiminum og hugsa um eitthvað allt annað?

„Ég er nú þannig gerður að ég þekki lítið annað heldur en að vinna, ef ég slappa af þá vil ég helst vinna. Ég geri mér það mikið til dundurs að lesa og smíða, þá hef ég aðallega verið að smíða í kringum sumarbústaðinn minn. Svo var ég dálítið mikið í hannyrðum á tíma, en ég veit ekki hversu mikið konan mín vill að ég sé að tala um það,“ segir hann og hlær. „Hlaupin eru auðvitað líka mikið áhugamál hjá mér.“

HLAUPIN STÓR ÞÁTTUR Í LÍFINU

Á síðasta ári hljóp Bjarni sitt fyrsta og eina maraþon hingað til þegar hann kláraði Reykjavíkumaraþonið með stæl. „Ég er frá Akranesi og þar sem ég var aldrei góður í fótbolta þá var ekki að mörgum íþróttum að hverfa og


því fékk ég mikinn áhuga á hlaupum. Ég myndi segja að það hentaði mér mjög vel að hlaupa, ef maður er mikið á ferðalögum eins og ég þá getur maður bara verið með hlaupaskóna í töskunni og þá er maður klár. Ég hef hlaupið í öllum heimsálfum nema á Suðurskautslandinu.“

Eðli starfsins samkvæmt er mikið álag á Bjarna og má reikna með því að frítíminn sé oft knappur. Hvernig gengur Bjarna að samræma mikla vinnu, fjölskyldulífið og strangar æfingar fyrir maraþonhlaup? „Ég held að ég ná alveg að sinna þessu nóg, en það er ljóst að þetta tekur einhvern tíma frá fjölskyldunni.“

Undirbúningur fyrir maraþonhlaup er stífur og hefur Bjarni æft af kappi síðan í maí. „Undirbúningurinn minn grundvallast af þremur mjög einföldum reglum. Einu sinni í viku hleyp ég langt hlaup sem er þá lengra en 20 kílómetrar, ég hleyp ekki sjaldnar en þrisvar í viku og ég reyni að hlaupa samanlagt yfir 40 kílómetra í hverri viku,“ segir hann. „Auðvitað er stundum er erfitt að hvetja sig áfram en það er viss sigur yfir sjálfum sér að hlaupa maraþonhlaup. Maður getur líka spurt sig hvort það sé heilbriggt að hlaupa 42 kílómetra, það sýnir sitt hverjum ein eins og einn læknir orðaði það, þá er ekki mjög heilbriggt að hlaupa maraþonhlaup en það er afskaplega heilbriggt að geta hlaupið það. Mitt viðhorf er að maður veit ekki hvort maður getur það nema maður geri það.“

Bjarni segir ýmislegt fljúga í gegnum huga sinn á hlaupunum og hann neitar því ekki að ýmsar góðar hugmyndir hafi fæðst á hlaupum. „Ég hugsa náttúrulega um fjölskylduna mína og hlaupin sjálf. Maður nær líka oft að hreinsa sig af tíma og rúmi og hugsa frekar í hreinni hugmyndafræði og plönun, maður nær jafnvægi á milli þess að vera að fókusera á eitthvað ákveðið og hugsa um ekki neitt. Oft tek ég líka iPodinn minn með og þá hlusta ég yfirleitt á Queen,“ segir hann og er spurður um hæl hvort „We are the Champions“ hljómi þá á síðustu metrunum? „Já, akkúrat,“ segir hann hlæjandi.

„Ég er búinn að setja mér þrjú markmið fyrir hlaup í ár. Ég las það einhvern tímamál að Oprah Winfrey hefði hlaupið maraþon á 4:16 og ég get nú alls ekki verið á verri tíma en hún. Annað markmiðið er að vera á betri tíma en í fyrra en þá hljóp ég á 4:01. Þriðja markmiðið er að ná betri tíma en Ed Holmes, sem er stjórnarmaður í Glitni, hann er um

A man with short brown hair and glasses, wearing a white dress shirt and a red tie with a white square pattern, is smiling at the camera. He is holding a square frame made of four wooden rulers. The rulers are positioned to form a square, with the man's hands resting on the bottom and right sides. The background is a light blue gradient.

„Ég trúi því að í lífinu geti einstaklingurinn gert flest það sem hann einsetur sér, en það er ekki hægt að gera allt í einu.“

sextugt og besti tími hans er 3:52 og ég hef fengið að heyra það oft frá honum að hann sé með betri tíma en ég. Það gengur einfaldlega ekki upp að ég, sem er innan við fertugt, nái ekki að bæta tímann hans.“

HLAUPA TIL GÓÐS

Glitnir stendur á bak við Reykjavíkumaraþonið í ár og hefur umgjörðin í kringum hlaupið aldrei verið veglegri. Er hlaupaáhugi Bjarna aðalástæðan fyrir því hversu vel bankinn stendur að þessu? „Eitt af því sem Glitnir hefur einbeitt sér að, er að þetta sé heilbrigður vinnustaður. Við höfum til að mynda verið með heilsuvikur tvisvar á ári þar sem lögð er sérstök áhersla á hreyfingu, hollt mataræði og að kynna hinar ýmsu íþróttagreinar. Þá hefur menntað fólk úr heilbrigðisstéttum boðið fólki upp á ýmiss konar mælingar. Í framhaldi af þessari vinnu fórum við að styrkja Reykjavíkumaraþon. Við höfum síðan í vaxandi mæli verið að leggja ýmsum líknar-, menningar- og æskulýðsmálum lið. Við leggjum 150 milljónir í ár í sjóð sem rennur til slíkra málefna. Vandinn er hins vegar sá að það eru mörg góð málefni og að sjálfsgöðu náum við ekki að gera eins mikið og við viljum.“

Glitnir mun borga 3.000 krónur til góðgerðamála fyrir hvern kílómetra sem starfsmenn bankans hlaupa. Starfsmenn bankans velja síðan félag sem þeir vilja leggja lið og renna þeir peningar óskiptir til félagsins. „Alþjóðleg maraþonhlaup eru farin að markaðssetja sig út á hvað safnaðist mikið til góðgerðamála. Okkar sýn er sú að Reykjavíkumaraþon Glitnis geti verið stærsti vettvangur á Íslandi til fjáröflunar fyrir líknar- og forvarnarfélög. Hópur Kanadamanna hefur til dæmis notað Reykjavíkumaraþonið sem vettvang til þess að safna peningum til rannsóknna á sykursýki. Í fyrra safnaði þessi hópur yfir milljón kanadadöllum, hingað koma bæði þátttakendur og aðstandendur þeirra. Það er mikil aðdáun á þessum hóp og þetta fannst okkur vera vettvangur sem við Íslendingar værum að van-nyta. Þegar við ákváðum að standa á bak við Reykjavíkumaraþonið aftur ákváðum við strax að þetta tækifæri yrði ekki ónotað. Það er nú þannig að þegar þú ert að hlaupa jafn erfitt hlaup og maraþon, þá er gott að vita af því að maður er ekki bara að gera þetta fyrir sjálfan sig heldur líka að hjálpa þeim sem ekki geta það sem þeir vilja gera í lífinu.“

Bjarni ákváð sjálfur að leggja Blátt Áfram lið og þegar hann hefur lagt 42 kílómetra að baki á tveimur jafnljótum munu 126 þúsund krónur renna til félagsins. „Ég er hrifinn að því hvernig Blátt Áfram vinnur. Þar fer fram öguð og skipulögð vinna sem einkennist af þeirri ástríðu sem þarf að vera í frjálsum félagasamtökum sem þessum.“ Að sögn Bjarna getur fólk ennþá sett sig í samband við sinn þjónustufulltrúa eða farið inn á vefinn og heitið á starfsmenn Glitnis. „Það er búið að heita töluvert á mig og ég hvet alla til þess að gera það sama.“

FELLUR VEL AÐ ÞJÓÐARSÁLINNI

Bjarni segist trúa því að hlaupin falli vel að þjódarsálinni. „Þó svo ég hafi ekki sjálfur hlaupið með hlaupahópum þá búa þeir til mikil samskipti innbyrðis á milli fólks. Fólk sem hittist lítið eða aldrei og á að öðrum kosti ekki sameiginlegan umræðugrundvöll fer að ræða um sameiginlegan áhuga á hlaupum.“

Að lokum leikur blaðamanni forvitni á því að vita hvort Bjarni nái að staldra almennilega við og njóta velgengni sinnar í lífinu? „Ég held að mér sé líkt farið og mörgum að ég lifi í núinu og horfi til framtíðar. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir hvern einstakling að skipuleggja sig langt fram í tímann, þó ekki að reyna að kortleggja lífið í smáatriðum heldur að búa til ákveðna vegvísa í hvaða átt menn vilja hlaupa. Lífinu er skipt upp í tímabil sem hvert hefur sitt hlutverk og sjarma. Ég trú þvi að í lífinu geti einstaklingurinn gert flest það sem hann einsetur sér, en það er ekki hægt að gera allt í einu og allt hefur sinn tíma.“

„Ég las það einhvern tímann að Oprah Winfrey hefði hlaupið maraþon á 4:16 og ég get nú alls ekki verið á verri tíma en hún.“



Amana

Toppurinn í þeim amerísku* sérhannaðir kælikápar eftir þínum þörfum!



ALASKA

* Framleiddir í Bandaríkjunum

Við látum útbúa
AMANA skápinn nákvæmlega
eins og þú vilt hafa hann
Þú velur innréttingar, spegil-, stál
eða litaáferð.

5 breytileg kælistig.

Möguleikarnir eru næstum óþrjótandi!

Komið og kynnist því sem **AMANA** býður.
Verið hjartanlega velkomin.



Nýjar gerðir - 3 breiddir fánlegar



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





TÖFFARI Anton Newcombe, aðalmaðurinn í sveitinni The Brian Jonestown Massacre, hefur aldrei farið leynt með aðdáun sína á ruslrokkurum 7. áratugsins.

» Ruslrokkaratískan hefur verið nokkuð vinsæl á undanförunum árum en þrátt fyrir þetta sóðalega nafn eru ruslrokkarar frekar stíliseraðir í sjálfu sér.



ÍSLENSKA TÖFFARASVEITIN Singapore Sling er án efa ein svalasta hljómsveit landsins og holdgervingur ruslrokkaratískunnar hér á landi.

HINIR STÍLISERUÐU RUSLROKKARAR

Umfjöllun: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON Myndir: GETTY IMAGES OG EINAR SNORRI

Hugtakið ruslrokkarar má líka segja að sé alíslenskt því ekkert hugtak er til um þannig rokkara á ensku, allavega ekkert sem hefur að geyma orðið rusl (trash). Skilgreining á ruslrokkara er þó nokkuð einföld og auðvelt er að greina þá frá öðrum.

Staðlímynd af ruslrokkara gerir ráð fyrir því að hann klæðist Converse skóm, þröngum svörtum gallabuxum, leðurbelti, þröngum og helst svolítið sjúskuðum bol, leðurjakka og svo skiptir höfuðmáli að hárið sé þínu úfið og mikið. Þrátt fyrir þetta „ruslaralega“ útlit er þetta allt útpælt. Skór og bolur þurfa til dæmis að passa saman og hárið er alltaf í „reglulega“ mikilli óreiðu. Hvernig getur ruslrokkaratíska ekki verið stíliseruð þegar það er staðreynd að ruslrokkarar eru að herma eftir eldri tónlistarmönnum? Ruslaratíska er þess vegna hálfger



ENDURREISNARMENN The Strokes endurvöktu ruslrokkaratískuna og eru þeir helstu boðberar hennar um þessar mundir.

rangnefni enda ruslrokkarar oft snyrtimenni fram í fingurgóma. Ruslrokkurum má heldur ekki rugla saman við þá sem stundum eru kallaðir þungarokkarar. Þeir eru yfirleitt með mun síðara hár, ganga í rifnum gallabuxum og eru kannski ekki alveg eins mikið að þæla í útlitinu. Berið til dæmis saman sveitirnar The Strokes og Iron Maiden.

En hvaðan fá ruslrokkarar innblásturinn? Oftast er best að fara aftur til sjöunda áratugarins. Þar má til dæmis nefna menn eins og Lou Reed og Bob Dylan en einnig nokkrar garage-rokksveitir. Á áttunda áratugnum má samt eiginlega segja að ruslrokkarinn hafi orðið til. Holdgervingurinn er í margra augum Iggy Pop en hann var reyndar mikið fyrir að fækka fötum þannig að það er kannski erfitt að segja að hann sé holdgervingur

Framhald á næstu opnu ▶



COCO borð og 6 PORTOBELLO leðurstólar
 Stærð borðs 180x80
 Verð áður 133.000
 Verð nú **79.800**



TUTTI Vhúsgagnalínan
30% afsláttur



ÚTSALAN ER HAFIN



RELAX leðurhægindastóll
 með fótkemmli
 Litir: Brúnn | Svartur
 Verð áður 49.000
 Verð nú **34.300**



ADAGIO leðursæti

Litir: Ljós | Brúnn

| | | | | |
|-----------|------|---------|----|----------------|
| 4ra sæta | Áður | 159.000 | NÚ | 95.400 |
| 3ja sæta | Áður | 133.000 | NÚ | 79.800 |
| 2,5 sæta | Áður | 123.000 | NÚ | 73.800 |
| Stóll | Áður | 79.000 | NÚ | 47.400 |
| Tungusófi | Áður | 198.000 | NÚ | 118.800 |



OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÚPAVOGI | Sími 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



SVALIR Fáar sveitir ná að komast með tærnar þar sem The Jesus & Mary Chain höfðu hælana í töffarskap. Þeir liðu þó fyrir að hafa verið uppi á hinum glysgjarna níunda áratugi.



RUSLROKKARAR PÖNKSINS Pönksveitin The Ramones tileinkaði sér ekki hinn skituga stíl bresku pönkaranna heldur héldu þeir „kúlinu“.

fyrir ákveðna fatatísku. Ruslrokkarnir urðu fyrir áhrifum frá pönkurinum en enn og aftur voru ruslrokkararnir mun stílhreinni og ekki alveg eins grófir.

Ruslrokkarar áttu síðan erfitt uppdráttar á níunda áratugnum og stóran hluta af þeim tíunda þrátt fyrir að ein og ein sveit hafi haldið „kúlinu“ ef svo mætti kalla. Meginmarkmið ruslrokkara er einmitt að halda kúlinu, svallleiki skiptir öllu máli. Ruslrokkarar fengu síðan uppreisn æru þegar New York-sveitin The Strokes steig fram á sjónarsviðið í byrjun aldarinnar. Hljómsveitin leitaði mikið í smíðju gömlu rusl-

rokkaranna, bæði varðandi tísku og tónlist, og í kjölfarið kom haugur af öðrum böndum í svipuðum stíl. Er nú svo komið að ruslrokkaratískan er einn mest áberandi tískubylgja samtímans.

Hér er um svolitla einföldum að ræða enda erfitt að segja að The Strokes, Iggy Pop og til dæmis hin alíslenska Singapore Sling fylgi sömu tiskustraumunum, en enginn efast þó um að hægt er að flokka þessa tónlistarmenn sem ruslrokkara. Síðan er bara að bíða og sjá hvenær fer að halla undan fæti hjá ruslrokkurinum stíliseruðu.



HOLDGERVINGURINN?

Hér er hinn rokkaði Iggy Pop í nokkuð þrúðmannlegum og óruslrokkaralegum fótum ásamt hinum pena David Bowie.



GREINILEG ÁHRIF

Leikarinn Adam Brody úr The O.C. sést hér í týpískum ruslrokkarafótum.

Jazz í stofunni Þungarokk í eldhúsinu Klassík á baðinu

Gira stjórnar Revox hljóðkerfinu

Revox hljóðkerfið sér um hinn fullkomna hljóm í öllu húsinu. Í gegnum Revox kerfisstjórnann er hægt að tengja tónlist í 32 herbergi. Með herbergiseiningunni M217/M218 er hægt að stjórna tónlistinni í hverju herbergi fyrir sig. Þessar herbergiseiningar passa í Gira rofalinurnar. Nánari upplýsingar: S. Guðjónsson ehf. Sími 520 4500, fax 520 4501 eða www.sg.is
Mynd: Herbergiseining M217/M218, Gira Esprit svart gler/ál, Gira Esprit ál/steingrátt, Gira Esprit hvítt gler/glansandi mjallhvítt.



ÚTSÖL

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTU



kr.197.930.-
MANILA SÓFASETT 3+1+1

GLÆSILEG ÍTÖLSK SÓFASETT

KLASSÍSK, ÞÆGILEG OG VÖNDUÐ
HÚSGÖGN MEÐ HÁGÆÐA LEDRI
Á ÓTRÚLEGA GÓÐU VERÐI.



kr.99.900.-
EMILIA HÆGINDASÓFI

kr.45.900.-
EMILIA HÆGINDASTÓLL

kr.99.900.-
JANE TUNGUSÓFI
DÖKKUR OG LIÓS



kr.159.900.-
TUNGUSÓFI
ALKLÆDDUR ÍTÖLSKU LEDRI
BEIGE, SVARTUR OG DÖKKBRÚNN



kr.159.900.-
TIP WING TUNGUSÓFI



kr.77.800.-
JAMAICA 3JA SÆTA SÓFI



FJÖLDI ANNARA TILBOÐA!

ULOK

R! • NÝTT KORTATÍMABIL

kr. 49.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL
MEÐ ÍTÖLSKU LEDRI



RAFMAGNSNUDD

kr. 39.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL
MEÐ MICROFIBERÁKLÆÐI

kr. 39.900.-

HÆGINDASTÓLL
MEÐ ÍTÖLSKU LEDRI - SKEMILL FYLGIR



kr. 49.900.-

MADRID 3JA SÆTA SÓFI
DÖKKUR, LJÓS OG RAUÐUR



kr. 51.920.-

SJÓNVARPSSKENKUR
FÆST Í EIK OG HNOTU



kr. 23.900.-

EXPERT OPTIMAL DÝNA
BOTN OG FÆTUR (90X200)



kr. 34.320.-

SÓFABORÐ
FÆST Í EIK OG HNOTU



VISA OG EURO
RÆÐGREIÐSLUR
ALLT AÐ 36 MÁN.

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

SETT

HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: MÁNUD - FÖSTUD 11:00 - 18:00 LAUGARDAGA 11:00 - 16:00 SUNNUDAGA LOKAÐ

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

Þriggja ára afmæli

Það getur verið smá höfuðverkur að setja saman lítinn matsaðil þegar verið er að skipuleggja barnaafmæli. Hugmyndir um draumaafmæli geta verið stórar og miklar (í augum foreldra) og jafnvel of stórar miðað við það sem litlir munnar hafa áhuga á að borða. Því er aðalatriðið að hafa fáa og einfalda rétti á veisluborðinu, rétti sem vitað er að kæta börnin og sérstaklega á þetta við um afmæli þar sem meðalaldurinn er ekki hár.

Í þriggja ára afmæli um síðustu helgi voru þrír barnaréttir á borðum og kom í ljós að ekki þurfti meira til. Áhuginn var á því að blása á kertin á afmæliskökunni, fá sér nokkra bita, smakka aðeins á einhverju öðru og síðan drífa sig út að leika. Meiri fyrirhöfn fyrir blessuð börnin er sem sagt alveg óþörf. Það er miklu frekar að eyða smá tíma í að skreyta kökur og muffins, til að gera borðið krúttlegt og sætt, og hafa þá tíma í að baka eitthvað fyrir fullorðna fólkið sem fylgir börnunum á staðinn.

SUÐRÆN AFMÆLISKAKA

Hér er um að ræða stóra uppskrift. Úr verða 2 botnar í kökuna sjálfa og 12 muffinskökur, en gefin er uppskrift af kremi á þær hér að neðan. Það er um að gera að stækka frekar uppskrift og nýta afgang af deigi í muffins en að gera aðra sérstaklega.

2 litlar dósir ananaskurl
2/3 bolli rjómaostur
3 bollar hveiti
1 bolli flórsykur
2/3 bolli púðursykur
2 tsk lyftiduft
1 tsk natron
2/3 bolli kakó
200 g smjör
4 egg
4 msk ananassafi

Látið renna vel af ananasnum og geymið safann. Hrærið saman ananas og rjómaost þar til osturinn er kekkjalaus og mjúkur. Setjið þá allt hráefnið saman við og hrærið mjög vel þar til deigið er mjúkt og fallett áferðar. Það er sérstaklega fljótlegt að gera þetta deig ef það er hrært í matvinnsluvél. Hellið í 2 kökuform og setjið afganginn í stór muffinsform. (Það er betra að baka muffins í bréfformi sem smeygt er ofan í muffinskökuform, þá halda þau betur lögun sinni). Bakið við 180 gráður í um 20 mínútur en fylgist vel með botnunum því betra er að kakan sé mjúk heldur en þurr!

Krem á milli:

Cream of coconut, í krukku
3 eggjahvítur
1 bolli flórsykur
¼ tsk salt
¼ tsk edik

Setjið eggjahvítur, sykur, salt og edik saman í skál sem má nota yfir vatnsbaði því það þarf að hræra eða þeyta kremið yfir hita í um 5 mín. Gætið að því að hafa ekki of mikið vatn í pottinum svo skálin rekist ekki ofan í það. Þeytið mjög vel þar til kremið stifnar, verður hvítt og þétt og heldur lögun sinni.



Krem ofan á:

¼ bolli vatn
¼ bolli sýróp
1/4 bolli flórsykur
200 g suðusúkkulaði

Hellið sykri, sýrópi og vatni í pott og leysið upp á lágum hita. Látið suðuna koma upp og takið þá pottinn af hitanum. Brjótið súkkulaðið út í

sykurblönduna og bræðið. Hrærið kremið þar til kekkjalaust.

Aðferð:

Smyrjið botnana með Cream of coconut. Setjið hvíta frostingskremið á neðri botninn og skellið þeim efri ofan á. Smyrjið hann með súkkulaðikreminu. Skreytið að vild og lýsið upp með kertum.

PYLSUR Í GERDEIGI

Klassík að bjóða upp á pylsur. Hér eru þær skornar í tvennt og gerdeigi rúllað utan um þær. Þægilegt fyrir litlar hendur að halda um og dýfa í tómatsósuna.

Pylsur, skornar í tvennt
Gerdeig eða tilbúið pizza-
deig
Ólífuoía
Sesamfræ

Fletjið deigið út og skerið í mjóar ræmur. Vefjið ræmu utan um hverja pylsu. Hellið olíu í skál og sesamfræjum út í hana. Rúllið pylsunum upp úr blöndunni. Setjið á bökunarplötu og inn í 180 gráða heitan ofn. Bakið þar til pylsurnar eru heitar í gegn og deigið tilbúið. Berið fram með pylsuáleggi og látið dýfa í.

**SYKURPÚÐAKREM
Á MUFFINS**

Ótrúlega klístrað en myndið krem sem börnum þykir gaman að borða.

150 g sykurpúðar (marshmallows)
1 tsk vatn

Setjið púðana og vatnið í skál sem má fara inn í örbylgjuofn. Stillið á 20 sekúndur. Takið úr ofninum og hrærið saman svo úr verði krem. Best er að vera fljótur að smyrja kreminu á kökurnar því þegar það kólnar stífnar það mjög mikið. Þá er gott að skreyta kökurnar að vild. Þetta krem er einnig sniðugt að nota á milli smákaka og gera úr samlokukökur.

**MARS-HRÍSMOLAR**

Einfalt en vinsælt fyrir börn og fulloröna. Afbrigði af gamalli klassík en hér er Mars-súkkulaði notað í stað suðusúkkulaðis.


3 Mars-súkkulaði
1 msk smjör
Rice Crispies eða Coco Pops

Brærið saman smjör og Mars

á vægum hita. Tekur nokkrar mínútur því núggatið er lengur að bráðna en súkkulaðið. Hrærið Rice Crispies eða Coco Pops saman við blönduna í nokkrum hlutum. Þekið vel og gætið að því að setja ekki of mikið hris því best er að svolítið súkkulaði sé í namminu. Setjið í lítil konfektform og látið harðna.



Vínuppboð á menningarnótt í fimmta sinn



Hið árlega vínuppboð Globus hf. verður haldið laugar-
daginn 19. ágúst í tengslum við Menningarnótt. Þetta
er í fimmta sinn sem uppboðið er haldið en það hefur
skapað sér sess sem einn skemmtilegasti viðburðurinn
þennan viðburðaríka dag. Uppboðshaldarar verða
þau Einar Thoroddsen og Dominique Pledele Jónsson.
Verður gaman að fylgjast með þeim sem eru bæði haf-
sjór af fróðleik um vín auk þess að hafa kímni-
gáfuna í lagi.

Uppboðið hefst að lokinni vínsmökkun stundvíslega
kl 16.30 í Þingholtsalnum á Hótel Holti og stendur
til kl 17.30.Þátttakendur hafa tækifæri að bragða á
nokkrum eðalvínnum fyrir uppboðið. Boðin verða upp
jafnt ung sem og þroskuð vín víða að úr heiminum.
Þátttakendur verða að hafa náð 20 ára aldri til að
taka þátt og ágóði af uppboðinu rennur til men-
ningarmála.Þessi viðburður er skemmtilegt tækifæri
fyrir vínunnendur og veitingaaðila að auka þekkingu
sína, hafa gaman af og vonandi bæta í vínsafn sitt.Í
tengslum við uppboðið og í tilefni menningarnætur
Reykjavíkurborgar býður Hótel Holt uppá frábæran
menningarmatseðil ásamt sérvöldum vínnum á ein-
stöku tilboðsverði. Einnig verður tækifærið nýtt til
að kynna nýtt útlit Camus sem hefur verið vinsælasta
koniak á Íslandi áratugum saman og gestir fá tækifæri
til að smakka á eðalkoniaki.

EFTIRFARANDI VÍN VERÐA M.A. BOÐIN UPP:

1986 Ch. La Conseillante Grand Cru Classe AC Pomerol
1999-2001 Le Fleur Petrus AC Pomerol
2001 Ch. Montrose 2 éme - Saint-Estèphe Magnum 1,5 L
1997 Ch. Latour 1 éme - Pauillac
1991 Ch. Pichon Baron Long. 2 éme - Pauillac Magnum 1,5 L
1999 Ch. Branaire Ducru 4 éme - Saint-Julien
1990-2000 Ch. Cantenac Brown 3 éme - Margaux
2003 Ch. Smith Haut Lafitte Grand Cru Classe - Graves
2001 Ch. Issan 3 éme - Margaux

2003 Ch. Pichon Baron Long. 2 éme - Pauillac
2003 Ch. Branaire Ducru 4 éme - Saint-Julien
2000 E. Guigal Cotier Rotie " La Landonne "
2000 E. Guigal Cotie Rotie " Mouline"
1998 F.E. Trimbach Riesling " Clos Saint Hune "
1998 Chateau D'Yquem 375 ml flaska Grand Cru
1998 Peter Lehmann Shiraz 3.líttra flaska
Camus Presidents Reserve 1971
Camus Pionneau 1969



MENNINGARMATSEÐILL

Listasafnsins á Hótel Holti dagana 18.-19. ágúst.

Allir matargestir fá glas af Veuve Clicquot
Ponsardin – Brut kampavíni við komu

Matseðill

Lystauki



Steiktur hörpudiskur á briochebrauði
með vierge sósu
F.E. Trimbach Pinot Gris Reserve 2002

Sveppahjúpaður kálfur með
pargesankartöflum og kálfasoðkjarna
Château Cantelys 2001

Lognarblóma creme carmel
með ávaxtasalati og karamelluís
Grahams 10 ára Tawny Port

Kaffi og konfekt
Camus Elegance V.S.O.P.

Verð án vína 5.500 kr.
Verð með vínun 9.300 kr.



Flottur fatnaður

Kynning



Next - Kringlunni
Verð kr. 4.290



Benetton/Sisley - Smáralind
Verð kr. 4.195, fleiri litir



Comanys - Kringlunni
Verð kr. 9.990



Benetton/Sisley - Smáralind
Jakki 10.695 kr., pils 4.495 kr.,
bolur 2.695 kr.



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Verð kr. 8.900



Comanys - Kringlunni
Verð kr. 8.990



Next - Kringlunni
Verð kr. 4.290

Next - Kringlunni
Verð kr. 10.190



Companys - Kringlunni
Verð kr. 5.990



Companys - Kringlunni
Verð kr. 8.990



Kiss - Kringlunni
Síður bolur 3.990 kr., taska 4.990
kr., cross over 3.990 kr.



Kiss - Kringlunni
Verð kr. 4.990



Kjöll úr Kultur og teygjubelti frá Sautján.

Kjöll og hlýrabolur úr Sautján en slaufubeltið kemur frá NEXT.

Kjöll og beltí úr Spúútník.

Kjöll úr Spúútník og glansbelti úr Oasis.

STÍLL STJARNANNA »

Hvítir og sumarlegir kjólar

Texti: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR Myndir: GETTY IMAGES OG FRÖNN.


Nú fer að vera síðasti séns til að klæða sig létt og sumarlega. Hvort sem það er á sólríkum sumardegri eða björtu sumarkvöldi. Hvítir kjólar minna alltaf á sumarið og fara einstaklega vel við sólbrúna leggi. Þó þeir henti ekki í brúðkaupsveisluna, því að gestirnir mega ekki skyggja á brúðina, þá henta þeir við næstum öll önnur tækifæri og standa alltaf fyrir sínu. Hægt er að nota beltí við hvítan kjól til að gera hann hversdagslegri og grófari eða slaufu til að vera finni og hátíðlegri.

Slæða sem hægt er að búa til slaufu úr og festa við beltíð. Fæst í Spúútník.



Leikkonan Scarlett Johanson í hvítum kjól með sakleysilegri slaufu en blúndurnar innan undir kjólinum gefa djarfara yfirbragð.

Söngkonan Pink í flottum látláusum kjól þar sem beltíð og rauðu rendurnar eru í aðalhlutverki.



framhaldsskólanemar fá
10% afslátt
af öllum vörum

*gegn framvísun skólaskírteinis

TOPSHOP

SMÁRALIND 1 - 552 8383

Brynhildur Björnsdóttir elur upp



Takk fyrir þakkann, takk

Mér var kennt það sem barni að þiggja ekki gjafir af ókunnugum. Það er fyllilega á stefnuskránni að kenna dóttur minni slíkt hið sama en það verður hinsvegar erfitt. Nú þegar streyma til hennar gjafirnar frá fólki og fyrirtækjum sem hún hefur aldrei heyrt getið en vilja henni greinilega mjög vel. Fyrsta bréfið sem var stílað á hana læddist inn um lúguna áður en hún var mánaðargömul og rétt náðist að gefa barninu nafnið áður en það bréf barst. Þar var hún boðin hjartanlega velkomin í heiminn með fimm þúsund króna inneign í banka sem væri hennar skuldlaus ef foreldranefnurnar drusluðust til að stofna reikning í hennar nafni fyrir einhvern ákveðinn tíma. Síðan leið og beið þar til barnið mitt varð sex mánaða sem er lögboðinn aldur til að hefja neyslu á einhverju öðru en brjóstá-eða þurrmjólk. Og þá fyrst byrjaði ballið. Bréfunum hefur hreinlega rignt inn um lúguna. Í sumum þeirra eru bæklingar sem eru uppfullir af endalausum fróðleik um næringu ungbarna og hversu hentug framleiðsla hvers sendanda um sig sé fyrir börn af öllum stærðum og gerðum, sumir með tilheyrandi prufum. Allir innflytjendur barnamatar á landinu sjá sig knúna til að hjálpa okkur að næra barnið okkar því eins og segir í bæklingi frá einum framleiðandanum: „Þú getur átt von á miklum tilfinningasveiflum...gleði, spennu en einnig smá kvíða...“ Sem er alveg dagsatt, ég hef stanslausar áhyggjur af því að dóttir mín borði ekki nóg og auk þess litla trú á að hún taki næringu inn í gegnum húðina á andliti og höndum þar sem meiri parturinn af þeim fasta mat sem ég reyni að bjóða henni lendir. En framleiðendur barnamatar eru ekki einir um að vilja gleðja barnið mitt á þessum merku tímamótum neyslu sem sex mánaða aldurinn er. Fleiri bankar hafa sýnt viðskiptum hennar áhuga og einn sendi henni meira að segja samfellu ásamt vilyrði um fimmþúsundkall ef hún gæti fengið einhvern til að stofna handa sér reikning þar líka. Einn bleyjuinnflytjandi gaf henni líka eina bleyju til að prófa.

